Námsgrein: Upplýsingatækni 10. bekkur

Kennarar: Arnór Heiðmann

Tímafjöldi á viku: 1 klukkustund.

Kennsluaðferðir og skipulag: Ýmsum kennsluaðferðum er blandað saman gagnvirkri kennslu, sýnikennslu og sjálfstæðum vinnubrögðum. Megináhersla er lögð á upplýsingalæsi, upplýsingaleit og notkun fjölbreyttra forrita til náms og sköpunar. Jafnframt er lögð áhersla á ábyrga og gagnrýna notkun á gervigreind við verkefnavinnu, ásamt því að kenna góða netmenningu og siðferði í netheimum.

Námsefni:
-Valin verkefni verkefni frá kennara unnin á Google Classroom eða öðrum forritum sem kennari velur hverju sinni.

Grunnþættir menntunar

Grunnþáttur	Áhersluþættir grunnþátta menntunar. Áhersla er lögð á:
Læsi	að virkja læsi/upplýsingalæsi nemenda með aðstoð tækninnar. Einnig er áhersla á fjölbreyttar lestraraðferðir og að allur lestur er viðurkenndur.
Sjálfbærni	að kenna nemendum að nota viðeigandi hjálpargögn og forrit. Einnig að sýna sjálfstæði í vinnubrögðum og þjálfun í að leggja mat á áreiðanleika upplýsinga.
Heilbrigði og velferð	að byggja upp og auka sjálfstraust nemenda til í að koma fram og skila eigin verkum.
Lýðræði og mannréttindi	að vera með í ráðum þegar kemur að verkefnaskilum. Lögð er áhersla á að nemendur nýti styrkleika sína og þær leiðir sem henta hverju sinni.
Jafnrétti	að nemendur, út frá eigin forsendum, hafi jöfn tækifæri til náms og nálgunar viðfangsefna.
Sköpun	að hvetja nemendur til sköpunar í gegnum ritun, tjáningu og túlkun eigin verka og annarra.

Kennsla í upplýsingatækni í 8. bekk, Borgarhólsskóla tekur mið af þeim hæfniviðmiðum sem sett eru fram í Aðalnámskrá.

Viðfangsefni	Hæfniviðmið/ markmið
Upplýsinga- og miðlalæsi	Nemandi getur: - Nemandi getur nýtt leitarvélar, gagnabanka, gervigreind og önnur verkfæri á fjölbreyttan og siðferðilega ábyrgan hátt til upplýsingaöflunar og skilji hvað liggur til grundvallar, - aflað sér fjölbreyttra heimilda á sjálfstæðan hátt og nýtt þær í gagnrýna umræðu eða verkefni
Sköpun og miðlun	Nemandi getur: - Nemandi getur valið og nýtt hugbúnað við gerð og framsetningu fjölbreyttra og gagnvirkra kynninga, - vistað og deilt skjölum á viðeigandi hátt - Nemandi getur valið og nýtt tæki og hugbúnað við fjölbreytta hönnun, myndvinnslu og myndsköpun, - unnið með flóknari hönnunarhugbúnað og samhæft mismunandi myndvinnslutól við hönnun og sköpun miðla - búið til og unnið með hreyfimyndir, bæði í formi GIFs, einfaldra stafrænna teikninga eða myndbandsklippinga - Nemandi getur valið og nýtt hugbúnað við gerð og framsetningu fjölbreyttra og gagnvirkra kynninga, - sett upp glærusýningu sem vekur og viðheldur áhuga hlustandans á kynningunni - hannað og flutt kynningu sem vekur athygli, miðlar skýrum skilaboðum og nýtir áhrifaríka sjónræna framsetningu
Stafræn borgaravitund	Nemandi getur: - Nemandi getur nýtt stafræna tækni til að auka vellíðan og bæta heilsu, fundið jafnvægi í notkun sinni og þekkt margvísleg einkenni og afleiðingar ofnotkunar tölvu og snjalltækja og útskýrt áhrif samfélagsmiðla á líf sitt, - sýnt góðan skilning á því hvaða áhrif ofnotkun á stafrænni tækni getur haft á hann sjálfan - Nemandi getur gert sér grein fyrir notkun persónuupplýsinga og metið tilgang hennar á gagnrýninn hátt og beitt leiðum til að verjast söfnun persónuupplýsinga, - tekið þátt í gagnrýnum umræðum um auglýsingar og hvort þær ættu að vera persónumiðaðar eða ekki - Nemandi getur gert sér grein fyrir stafrænu fótspori og hvernig það mótast af allri nethegðun, - kennt skólafélaga eða fullorðnum leiðir til að minnka eigið stafræna fótspor
Lausnaleit	Nemandi getur: - Nemandi getur nýtt fjölbreyttan og viðeigandi tækjabúnað til menntunar og leyst tæknileg úrlausnarefni, - beitt fjölbreyttum leiðum til að læra á ný tæki t.d. samtöl, myndbönd og að prófa sig áfram
Námsmat	-Símat. -Ýmis verkefni frá kennara. -Virkni og þátttaka í tímum.